

Sumarbústaðabyggð á Arnarstapa

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags

Ragnheiður Traustadóttir



14

Sumarbústaðabyggð á Arnarstapa

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags

Ragnheiður Traustadóttir



Ljósmynd á forsíðu: Undirstöður vikurrennanna frá Brenningi (RT)

© 1998 Þjóðminjasafn Íslands / Ragnheiður Traustadóttir
Öll réttindi áskilin.

ISSN 1560-8050

Prentun/umbrot: Gutenberg - Hraðlestin

Efnisyfirlit

Contents

Inngangur	5
Tilgangur fornleifaskráningar	5
Fornleifaskráning	6
Minjar á skipulagssvæðinu	7
Iðnminjar	7
Niðurlag	8
Heimildir	8
Uppdráttur af svæðinu	9

Sumarbústaðabyggð á Arnarstapa

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags

Inngangur

Vegna deiliskipulags á fyrirhuguðu sumarbústaðasvæði á Arnarstapa á Snæfellsnesi óskaði Snæfellsbær eftir því við Þjóðminjasafn Íslands með bréfi dags. 15. apríl 1998 að fram færi fornleifaskráning. Skýrsluhöfundur, Ragnheiður Traustadóttir, starfsmaður fornleifadeildar safnsins, annaðist skráningu á umræddu svæði hinn 19. s.m.

Ekki hefur farið fram skipuleg fornleifaskráning á Arnarstapa, en niðurstöður þessarar skýrslu verða felldar inn í heildarskrána, þegar þar að kemur. Ljóst er bæði af rituðum heimildum og minjum, sem víða sjást í umhverfinu á Arnarstapa, að þar er mikið starf óunnið við fornleifaskráningu.

Æskilegt er, að tekið sé tillit til fornminja í skipulagi, þar sem þær er að finna, og þær látnar njóta sín í umhverfinu. Ef vel er frá þeim gengið, er óhætt að fullyrða, að þær verði íbúum og ferðamönnum til ánægju og fróðleiks.

Í þessari fornleifaskráningu er einnig getið helstu og stærstu leifa tengdum iðnaði á svæðinu, þótt þær séu ekki nógu gamlar til að teljast fornleifar í skilningi þjóðminjalaganna. Hins vegar minna þær á merkan þátt í atvinnusögu Íslendinga fyrr á öldinni.

Tilgangur fornleifaskráningar

Í þjóðminjalögum¹ er ákvæði um að skylt sé að skrá fornleifar á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess. Tilgangur þjóðminjalaganna er að tryggja eins og best verður á kosið varðveislu menningarsögulegra minja þjóðarinnar (1. gr.), þar á

meðal fornleifa. Í 16. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- byggðaleifar, bæjarstæði og bæjar leifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 17.

¹ Nr. 88/1989, með breytingum nr. 43/1991 og 98/1994.



Ryðbrunninn víkurvals ofan Brennings (RT)

grein segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi fornleifanevndar komi til“. Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það þjóðminjayfirvöldum. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun þjóðminjayfirvalda liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (20. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum, auk rannsókna og kynningar, en það er ekki síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að finnast, öllum að óvörum, fornleif-

ar sem nauðsynlegt verður að rannsaka. Auk kostnaðar við fornleifarannsóknir geta tafir á framkvæmdum haft mikil fjárútlát í för með sér. Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaaðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar.

Fornleifaskráning

Skráning þessi vegna deiliskipulags á Arnarstapa takmarkaðist við fyrirhugað sumarbústaðasvæði eins og það er merkt inn á meðfylgjandi uppdrætti Hildigunnar Haraldsdóttur, arkitekts FAÍ. Svæðið er u.p.b. 35.000 m² að stærð.

Ritheimildir, s.s. kort, loftljósmyndir og jarðabækur, sem gátu gefið vísbendingar um hvort vænta mætti fornleifa á svæðinu, voru kannaðar rækilega áður en haldið var á vettvang. Næst var svæðið allt gengið í því skyni að leita rústa eða annarra fornleifa, sem sjá mátti berum augum á yfirborðinu.

Í skýrslu þessari greinir frá árangri ofangreindrar athugunar.

Minjar á skipulagssvæðinu

Fornleifar

Arnarstapi á sér langa og merkilega sögu, en fyrirhugaðs sumarbústaðasvæðis er sjaldan getið sérstaklega í heimildum.

Samkvæmt Landnámabók er svæðið í landnámi Sölva, sem fyrst bjó í Brenningi en síðan á Sölvahamri.²

Nú á tímum nefnist Brenningur³ eða Brenningsfoss⁴ lítill foss sem steypist fram af hraunbrún við norðurjaðar skipulagssvæðisins, en lækurinn þar fyrir neðan heitir Tjaldhólslækur og rennur hann í suður um svæðið og bunar loks fram af sjávarhömrunum.

Brenningur er nefndur í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns í Arnarstapalandi í byrjun 18. aldar: „þar segja menn að sjeu fornar tóftaleifar og ætla sumir í gamalli tíð bygð verið hafa. Engin vita menn rök til þess en ómögulegt er aftur að byggja.“⁵

Um aldamótin síðustu virðist þó hafa vottað fyrir óglöggum tóftum á einum stað við lækinn og leiddu menn getum að því að þar hefði bærinn Brenningur staðið.⁶ Þessar tóftir kunna að hafa spillst við framkvæmdir í landinu á þessari öld, sem nánar verður vikið að hér á eftir, því að skemmst er frá því að segja að engar leifar fornrar mannvistar fundust á fyrirhuguðu sumarbústaðasvæði við vettvangsathugun nú, ef frá er talin þjóðleiðin með ströndinni.

Þjóðleiðin liggur í vestur frá Sölvahamri, yfir Eiturlækinn og þaðan á milli túngirðinga inn í byggðina á Arnarstapa. Fyrrum var leiðin talin hættuleg og svo tæp, þar sem hraunklettahryggur nær alveg fram á brún, að vegfarendur höfðu orðið að skriða yfir með mestu varkárni. Um miðja 18. öld hafði verið brotin gata gegnum klettahaft nokkru ofar og grjótgarður hlaðinn á tunganum til að varna fífldjörfum ferðamönnum vegarins.⁷ Leiðin er merkt með punktalínu inn á skipulagsuppdrátt Hildigunnar Haraldsdóttur og liggur á kafla um fyrirhugað sumarbústaðasvæði.

Iðnminjar

Árið 1937 hóf Vikurfélagið hf. vikurnám við rætur Snæfellsjökuls og eru ýmsar minjar á áformuðu byggingarsvæði um þau miklu umsvif, sem því tengdust. Þær eru ekki sjálfkrafa verndaðar af þjóðminjalögum með því að þær eru ekki orðnar hundrað ára gamlar. Í lögum er þó heimild til þess að friðlýsa yngri minjar, en um þau efni hefur hvorki skapast hefð né opinber stefna verið mörkuð. Gefur engu að síður augaleið að iðnminjarnar á Arnarstapa eru merkar heimildir um nýsköpun í atvinnulífinu á fyrri hluta aldarinnar.

Frumkvæðið að vikurnáminu á Snæfellsnesi átti Jón Loftsson, forstjóri í Reykjavík, og hratt því í framkvæmd ásamt Sveinbirni Jónssyni. Að sumarlagi var leysingarvatn frá jöklinum látið rífa niður vikurinn og fleyta honum í lækjarfarvegum niður í birgðastöð við rætur fjallsins. Þaðan var honum svo veitt áfram með vatni í trérennum í gegnum mikla valsa, sem muldu hann í réttar stærðir. Úr mölunarhúsinu rann hann svo áfram nokkurn spöl niður í síló, en úr



Siglinga jós fyrir vikurflutningaskipin (RT).

² Íslendingasögur I, Reykjavík 1981, bls. 64.

³ Ólafur Lárusson. Landnám á Snæfellsnesi, Snæfellsnes I. Félag Snæfellinga og Hnappdæla í Reykjavík 1945, bls. 81.

⁴ Örnefnaskrá um Arnarstapa. Örnefnastofnun. Óprentað.

⁵ Árni Magnússon og Páll Vídalín. Jarðabók IV, Kaupmannahöfn 1931-33, bls. 164.

⁶ Árbók fornleifafélagsins, Reykjavík 1900, bls. 25.

⁷ Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar 1752-1757 I. Reykjavík 1978, bls. 157-158.

Því var með einu handtaki látið renna á bílana, sem fluttu vikurinn síðasta áfangann til sjávar. Var þar önnur birgðastöð. Útskipunin fór þannig fram, að vikrinum var veitt með vatni út í skipin, en þar var vatn og vikur aðskilið í sérstöku tæki, þannig að vikurinn rann sjálfkrafa niður í lestina, en vatnið fyrir borð.⁸ Vikurinn var svo fluttur til Reykjavíkur eða beint til útlanda. Starfsemi þessi veitti mikla staðbundna vinnu um langt árabíl.⁹

Leifar þessara umsvifa eru margar greinilegar og skal fyrstar telja þrjár rennur, sem koma niður frá hraunkambinum hvar Brenningur fellur fram af, og liggja að sjó, en um þær var vikrinum fleytt að neðstu geymslustöðinni. Hér eru jafnframt tveir háir stöplar, þar sem voru siglingaljos fyrir vikurflutningaskipin. Veggir húss, sem mun hafa verið nefnt Svartiskúr og vinnumenn mötuðust í, eru að nokkru enn uppistandandi. Og finna má grunna að minnsta kosti tveggja mannvirkja enn, sem hafa tilheyrt þessari atvinnustarfsemi. Á hraunbrúninni við Brenning blasir við augum ryðbrunninn vals, sem muldi vikur.

Niðurlag

Fornleifar á svæðinu voru sjáanlegar á einum stað og til eru heimildir um fornleifar á einum stað í viðbót, en þeirra sést ekki merki lengur (iðnminjar eru hér ekki meðtaldar).

Oft er vandi að slá einhverju föstu um ástæður þess að minjastaður hverfi, en svo hafa framkvæmdir Vikurfélagsins umbylt landinu á þessum stað, að ekki er ósennilegt að þar með hafi merki fornrar mannvistar máðst úr umhverfinu. Minjar kunna þó enn að leynast undir grassverðinum og gætu komið í ljós við framkvæmdir síðar. Vegna heimildar um landnámsbæ Sölva og nálægðar við söguslóðir er rétt að framkvæmdaaðili sýni aðgætni við jarðrask á fyrirhuguðu sumarbústaðasvæði.

Af þessari athugun verður þó ekki greint að fornleifar séu í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda, aðrar en þjóðleiðin, en hana ber að varðveita eins og kostur er og alls ekki rjúfa. Iðnminjar geta margar verið skemmtilegar í umhverfinu og minnt á stórhug og atvinnu-

sköpun á fyrri helmingi þessarar aldar. Er þeim tilmælum beint til Snæfellsbæjar að varðveita þær helstu eins og framast er unnt, t.d. rennurnar, vitana og valsinn.

Til þess að minjar í umhverfinu geti orðið íbúum og öðrum til ánægju og fróðleiks væri æskilegt að merkja þær með einum eða öðrum hætti.

Heimildir

Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1931-33. *Jarðabók IV*. Kaupmannahöfn.

Brynjúlfrur Jónsson 1900. Rannsóknir í Snæfellsnessýslu 1899. *Árbók hins íslenska fornleifafélags*, bls. 2 - 27. Reykjavík.

Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar 1752-1757 I. Reykjavík 1978.

Íslendingasögur I, Reykjavík 1981.

Ólafur Lárusson, 1945. Landnám á Snæfellsnesi, *Snæfellsnes I*. Félag Snæfellinga og Hnappdæla í Reykjavík.


Vikurfélagið 1952. *Nokkur orð um vikur*. Reykjavík. Smáprent án höfundar.

Þórður Kárasón o.fl., 1977. *Byggðir Snæfellsness*. Reykjavík.

Örnefnastofnun. *Örnefnaskrá um Arnarstapa*. Óprentað.

⁸ Nokkur orð um vikur. Reykjavík 1952, smáprent, bls. 2-5.

⁹ Þórður Kárasón o.fl. *Byggðir Snæfellsness*. Reykjavík 1977, bls. 142.



Skýrslur fornleifadeildar 1998

- 1 Starfsemi fornleifadeildar 1997.
Guðmundur Ólafsson.
- 2 Hringvegur um Fossárvík.
Mat á umhverfisáhrifum.
Guðmundur Ólafsson.
- 3 Suðurfjarðarvegur um Selá.
Mat á umhverfisáhrifum.
Guðmundur Ólafsson.
- 4 Frumrannsókn á Seyðisfirði vegna
snjóflóðavarna.
Guðmundur Ólafsson.
- 5 Bæjarrúst í landi Vagnsstaða, Suðursveit.
Guðmundur Ólafsson.
- 6 Verstöð við Arnarstapa í Tálknafirði.
Guðmundur Ólafsson.
- 7 Tindastólsvegur um Hróarsgötur.
Guðmundur Ólafsson.
- 8 Skagastrandarvegur um Hafursstaðaá.
Mat á umhverfisáhrifum.
Guðmundur Ólafsson.
- 9 Efribýggðarvegur í Skagafirði.
Mat á umhverfisáhrifum.
Guðmundur Ólafsson.
- 10 Þverárfjallsvegur-Skagavegur.
Mat á umhverfisáhrifum.
Guðmundur Ólafsson.
- 11 Eiríksstaðir í Haukadal.
Fornleifarannsókn í skála.
Guðmundur Ólafsson.
- 12 Reykholt í Borgarfirði Framvindu-
skýrsla 1998. Guðrún Sveinbjarnar-
dóttir og Guðmundur H. Jónsson.
- 13 Bessastaðir. Þrjár smá rannsóknir.
Agnes Stefánsdóttir, Björn Stefánsson
og Sigurður Bergsteinsson.
- 14 Sumarbústaðabyggð á Arnarstapa.
Fornleifaskráning vegna deiliskipulags.
Ragnheiður Traustadóttir.